



Bæjarstjórn Garðabæjar 10. (850)/2019

Boðað er til 10. (850). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 20. júní 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Dagskrá:

1. 1906008F - Fundargerð bæjarráðs frá 11/6 '19.
1804300 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir sjóvörnum á Álftanesi
1810087 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðarinnar við Hvannakur 7.
1906043 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir framkvæmdum að Víðilundi 1.
1706258 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 8.
1905257 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar að Dýjagötu 8.
1905363 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir framkvæmdum að Lynggötu 2.
1906023 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir færanlegum kennslustofum á lóð Hjallastefnunnar.
2. 1906021F - Fundargerð bæjarráðs frá 18/6 '19.
3. 1905026F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 15/5 '19.
4. 1906003F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 6/6 '19.
5. 1906004F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 11/6 '19.
6. 1906010F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/6 '19.
7. 1901316 - Fundargerð stjórnar SHS frá 14/6 '19.
8. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 3/6 '19.
9. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 29/5 '19.
10. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 4/6 '19.



11. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 13/6 '19.
12. 1805051 - Drög að samningi við GKG um viðbyggingu við golfskála og bráðabirgða æfingasvæði.
13. 1906202 - Tillaga um umhverfissvæna ferðamáta.
14. 1906156 - Tillaga um að efla enn frekar starfsemi vinnuskólans.
15. 1906098 - Sumarleyfi bæjarstjórnar 2019.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
9. (849). fundur 2019

Fimmtudaginn 6. júní 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Stella Stefánsdóttir, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, fyrsti varaforseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 16. maí 2019 er lögð fram.

Gengið er til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1905246 - Kosning forseta bæjarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs.

Tillaga kom fram um Sigurð Guðmundsson, sem forseta bæjarstjórnar til eins árs. Tillagan samþykkt samhljóða.

Sigurður Guðmundsson þakkaði bæjarfulltrúum traustið.

Tillaga kom fram um Jónu Sæmundsdóttur, sem fyrsta varaforseta. Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga kom fram um Björgu Fenger, sem 2. varaforseta til eins árs. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. 1905247 - Kosning fimm fulltrúa í bæjarráð til eins árs.

Tillaga kom fram um eftirfarandi fulltrúa til setu í bæjarráði til eins árs:

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, varaformaður, Gunnar Valur Gíslason, Almar Guðmundsson, Sara Dögg Svanhildardóttir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. 1905248 - Kosning varafulltrúa í stjórn Strætó bs.

Tillaga koma fram um Gunnar Val Gíslason sem varafulltrúa í stjórn Strætó.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. 1905201 - Kosning aðal- og varafulltrúa í fulltrúarráð Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands.

Tillaga kom fram um Sigríði Huldu Jónsdóttir, sem aðalfulltrúa og Gunnar Einarsson, sem varafulltrúa.

Tillagan samþykkt samhljóða.

5. 1905034F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/5 '19.

Ingvar Arnarson, ræddi 8. tl., erindi Brynju hússjóðs ÖBÍ um stofnframlag.

Gunnar Einarson, ræddi sama mál og svaraði fyrirspurn.

Fundargerðin sem er 12 tl., er samþykkt samhljóða.

6. 1905047F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/5 '19

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., samning um móttöku flóttafólks, 7. tl., tillögu Garðabæjarlistans um ákvæði í samningum við íþróttafélög sem kveða á um að tryggja aðgengi fatlaðra barna og ungmenna að íþróttaiðkun.

Harpa Þorsteinsdóttir ræddi 6. tl., tillögu Garðabæjarlistans um að Stjarnan geri grein fyrir jafnréttisáætlun í stefnu og skipulagi félagsins.

Björg Fenger, ræddi 7. tl., tillögu Garðabæjarlistans um ákvæði í samningum við íþróttafélög sem kveða á um að tryggja aðgengi fatlaðra barna og ungmenna að íþróttaiðkun og 6. tl., tillögu Garðabæjarlistans um að Stjarnan geri grein fyrir jafnréttisáætlun í stefnu og skipulagi félagsins.

Gunnar Einarsson, ræddi 7. tl., tillögu Garðabæjarlistans um ákvæði í samningum við íþróttafélög sem kveða á um að tryggja aðgengi fatlaðra barna og ungmenna að íþróttaiðkun

Fundargerðin sem er 9 tl., er samþykkt samhljóða.

7. 1905057F - Fundargerð bæjarráðs frá 4/6 '19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 8. tl., bréf hóps í Félagi eldri borgara í Garðabæ um stuðning vegna þátttöku í Bocciakeppni á Landsmóti UMFÍ og ræddi almennt um fyrirkomulag á styrkveitingum.

Björg Fenger, ræddi 8. tl., bréf hóps í Félagi eldri borgara í Garðabæ um stuðning vegna þátttöku í Bocciakeppni á Landsmóti UMFÍ og gerði grein fyrir fyrirkomulagi á styrkveitingum hjá íþrótt- og tómstundaráði.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi almennt um fyrirkomulag á styrkveitingum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju um fyrirkomulag á styrkveitingum.

Fundargerðin sem er 11 tl., er samþykkt samhljóða.

8. 1905037F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 22/5 '19.

Sara Dögg Svanhildardóttir ræddi, 1. tl., áskorun til sveitarfélaga um að fara eftir ákvæðum reglugerðar um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar og 2. tl., snjallvæðingu Garðabæjar

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1905020F - Fundargerð leikskólanefndar frá 16/5 '19.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 5. tl., bólusetningar leikskólubarna.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 1905028F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 17/5 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 1906001F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 3/6 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 1905021F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 15/5 '19.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., snjallvæðingu Garðabæjar, 2. tl., aðgerðir stjórnvalda í menntamálum, 3. tl. frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og stjórnenda, 4. tl., ósk um breytingu á tímasetningu er varðar skólabyrjun og 5. tl., reglur um skólasókn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., reglur um skólasókn og 7. tl., kynningu og samtal við stjórnendur.

Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir, ræddi 5. tl., reglur um skólasókn og 7. tl., kynningu og samtal við stjórnendur.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 7. tl., kynningu og samtal við stjórnendur.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 7. tl., kynningu og samtal við stjórnendur

Fundargerðin er lögð fram.

13. 1905016F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla Garðabæjar frá 16/5 '19.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 2. tl., kynningu á skólastarfi og spurði um áform varðandi stækkun á húsnæði skólans.

Gunnar Einarsson ræddi sama mál og svaraði fyrirspurn.

Fundargerðin er lögð fram.

14. 1905022F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 15/5 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

15. 1905040F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 21/5 '19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., skýrslu sérfræðihóps um málefni fatlaðra barna

Fundargerðin er lögð fram.

16. 1903017F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 11/3 '19.

Stella Stefánsdóttir, ræddi 2. tl., aðsóknartölur, 3. tl., stefnumótun stjórnar Hönnunarsafn Íslands 2019-2023.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi starfsemi safnsins og áform varðandi húsnæðismál safnsins.

Stella Stefánsdóttir ræddi sama mál og svaraði fyrirspurnum.

Fundargerðin er lögð fram.

17. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/5 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

18. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17/5 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

19. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 14/5 '19.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., framkvæmdir í Bláfjöllum og upplýsti um kæru til ÚUA vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Bláfjöllum.

Fundargerðin er lögð fram.

20. 1901198 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 29/4 og 29/5 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

21. 1510103 - Samningur félagsmálaráðuneytisins og Garðabæjar um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks 2019-2021.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða samning félagsmálaráðuneytisins og Garðabæjar um móttöku, aðstoð og þjónustu við hóp flóttafólks 2019-2021.

22. 1804081 - Samningur Garðabæjar og Skátafélagsins Vífils um styrk til byggingar útilífsmiðstöðvar í Heiðmörk.

Björg Fenger, tók til máls og lýsti sérstakri ánægju með að samningur um verkefnið væri í höfn.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða samning Garðabæjar og Skátafélagsins Vífils um styrk til byggingar útilífsmiðstöðvar í Heiðmörk.

23. 1906038 - Tillaga Garðabæjarlistans um stofnun stýrihóps og ráðningu verkefnastjóra.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagð fram eftirfarandi tillögu sem hún flytur ásamt Hörpu Þorsteinsdóttur.

„Bæjarstjórn samþykkir að setja á laggirnar stýrihóp sem tekur utan um öll verkefni sem nú þegar hefur verið ákveðið af bæjarstjórn að innleiða þ.e. innleiðingu Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiðanna og Heilsueflandi samfélaga. Jafnframt samþykkir bæjarstjórn að verkefnið velferð barna falli þar undir. Samhliða verði ráðinn verkefnastjóri sem heldur utan um framkvæmd verkefnanna.“

Greinargerð

Nú þegar ár er liðið frá því að Garðabær undirritaði samning um Heilsueflandi samfélag og þar sem á þessu fyrsta ári kjörtímabilsins er búið að samþykkja innleiðingu Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna sem og innleiðingu Heimsmarkmiðanna er ekki seinna vænna en að koma verkefnunum af stað með skipun stýrihóps og ráðningu verkefnastjóra. Verkefni eru stór og viðamikil og því mikilvægt að góð yfirsýn og gott utanumhald náist en ekki síður er mikilvægt að fylgja vinnunni eftir sem framundan er. Samkvæmt upplýsingum sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs er undirbúningsvinna hafin þ.e. búið er að afla upplýsinga frá viðkomandi samstarfsaðilum sem og sveitarfélögum sem komin eru vel af stað með verkefni. Og því komið að því að láta verkin tala.

Gunnar Einarsson, tók til máls um framlagða tillögu og upplýsti um að fyrir liggja drög að erindisbréfi fyrir stýrihóp til að vinna að þessum verkefnum sem lögð verða fram til afgreiðslu í bæjaráði nk. þriðjudag.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls um framlagða tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls um framlagða tillögu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls um framlagða tillögu.

Ingvar Arnarson, tók til máls um framlagða tillögu.

Framlögð tillaga felld með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,BF,GE,GS,SS,LHAL) gegn þremur (SDS,IA,HP).

24. 1906037 - Tillaga Garðabæjarlistans um gagnsærri stjórnsýslu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu þess efnis að unnið verði skýrt verklag um þann tímaramma sem stjórnsýslunni er gefinn til þess að veita upplýsingar um fyrirspurnir kjörinna fulltrúa er varða starfsemi sveitarfélagsins. Þannig að hámarks afgreiðslufrestur verði ákvarðaður.“

Greinargerð.

Til þess að styðja við gagnsæi og fagleg vinnubrögð stjórnsýslunnar skiptir máli að verkferlar liggi fyrir um sem flesta þætti stjórnsýslunnar. Það skiptir máli að aðgengi að upplýsingum sé gott og skilvirkni í að veita upplýsingar við fyrirspurnum sé skýr þegar kemur að tímaramma um skil á þeim gögnum sem óskað er eftir. Tillagan er lögð fram þar sem mikill mismunur er á veittum svörum við formlegum fyrirspurnum og því ekki skýrt hvaða viðmið er við skil á upplýsingum sem óskað er eftir.

Gunnar Einarsson tók til máls um framlagða tillögu og lagði til að henni verði vísað til bæjarráðs.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju um framlagða tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til bæjarráðs.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 6. júní 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigurður Guðmundsson, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
22. (1883). fundur 2019

Þriðjudaginn 11. júní 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Björg Fenger, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1905268 - Niðurstöður könnunar á vegum Rannsóknar og greiningar sem lögð var fyrir nemendur í 8. 9. og 10. bekk á Íslandi í febrúar 2019. (Kynning kl. 08:00)**
Á fund bæjarráðs mætti Margrét Lilja Guðmundsdóttir og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum könnunar Rannsóknar og greiningar um vímuefnaneyslu ungmenna.
- 2. 1905066 - Haukanes 1 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Bjarna Marteini Berg Elfarssyni, kt. 200769-5629, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi einbýlishús að Haukanesi 1.
- 3. 1905111 - Holtsbúð 27 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóni Hrafni Hlökkverssyni, kt. 260662-6519, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi einbýlishús að Holtsbúð 27.
- 4. 1904310 - Lambhagi 6 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Lárusi Guðmundsyni, kt. 101184-2939, leyfi fyrir fjórum kvistum á þak núverandi einbýlishúss að Lambhaga 6.
- 5. 1905361 - Skólatún 5 -Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Skólatúni 5, húsfélagi, kt. 500293-2339, leyfi fyrir breytingum á ytra byrði fjölbýlishússins að Skólatúni 5.
- 6. 1905047 - Þrastanes 9 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Páli Heiðari Halldórssyni, kt. 250779-5859, leyfi til að breyta ytra byrði einbýlishússins að Þrastanesi 9.
- 7. 1804300 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi framkvæmdaleyfi fyrir sjóvörnum á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að heimila útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna sjóvarna við bakka Lamhúsatjarnar neðan við túnið á Bessastöðum. Um er að ræða endurbyggingu að hluta til á eldri sjóvörnum og að hluta til nýjar sjóvarnir í samræmi við gildandi deiliskipulag fyrir Bessastaði.

- 8. 1810087 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðarinnar við Hvannakur 7.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 43. gr. sömu laga vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Akrahverfis í tilefni umsóknar um breytingu á byggingarreit lóðarinnar við Hvannakur 7. Grenndarkynna skal umsóknina eigendum Hvannakurs 5 og 9 og Kaldakurs 6 og 8.
- 9. 1906043 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir framkvæmdum að Víðilundi 1.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi við núverandi hús að Víðilundi 1 verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 10. 1706258 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 8.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 43. gr. sömu laga vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts í tilefni umsóknar um svalalokun utan byggingarreits. Grenndarkynna skal umsóknina eigendum Hraungötu 2,4,6, og 10 og Bæjargötu 11-19.
- 11. 1905257 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar að Dýjagötu 8.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 43. gr. sömu laga vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts í tilefni umsóknar um stækkun byggingarreits lóðarinnar að Dýjagötu 8. Grenndarkynna skal umsóknina eigendum Dýjagötu 2, 5 og 10.
- 12. 1905363 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir framkvæmdum að Lynggötu 2.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að heimila útgáfu byggingarleyfis fyrir heitum potti með glerþaki á þaksvölum íbúðar í fjölbýlishúsinu við Lynggötu 2. Um óverulegt frávík er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 13. 1906023 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um byggingarleyfi fyrir færanlegum kennslustofum á lóð Hjallastefnunnar.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi fyrir fjölgun færanlegra kennslustofa á lóð Hjallastefnunnar verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- 14. 1905199 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi lýsingu vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Traðarreitur -austur.**
Lögð fram.
- 15. 1905215 - Afgreiðsla leikskólanefndar varðandi bólusetningar leikskólabarna.**
Leikskólanefnd óskar eftir því við bæjarstjórn að kannað verði hvort sveitarfélaginu sé heimilt að setja almennar bólusetningar sem skilyrði fyrir leikskóladvöl og /eða starfi á leikskóla.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að láta taka saman minnisblað um málið.

16. 1810028 - Niðurstöður rafrænna íbúakosninga - Betri Garðabær.

Lögð fram fundargerð kjörstjórnar þar sem lýst er niðurstöðum rafrænna íbúakosninga sem fram fóru dagana 23. maí - 3. júní um 27 hugmyndir bæjarbúa um smærri framkvæmdir.

Eftirfarandi verkefni hlutu kosningu.

Verkefni	Fjöldi atkvæða	Fjárhæð
Útivistarstigur í Heiðmörk;	1207	20.0
Skjólveggur við heita potta í Ásgarði;	1079	2.0
Fjórir vatnsfontar;	1027	5.0
Útisturta við ströndina í Sjálandi;	914	2.0
Sundfatavindur í Álftaneslaug;	913	1.0
Tíu áningastaðir með bekkjum;	895	10.0
Leiksvæði við ströndina í Sjálandi;	873	25.0
Aparóla við Hofstaðaskóla ;	820	3.0
Fjölgun strætóskýla;	789	12.0
Sjónaukar við Arnarnesvog;	752	3.0
Fræðsluskilti við stríðsminjar ;	683	5.0
Ærslabelgur við Álftanesskóla;	680	3.0
Yfirbyggt hjólaskýli við Aktu Taktu Ásgarði;	586	5.0
Samtals:		96 m.kr.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa áætlun vegna framkvæmda við ofangreind verkefni á árunum 2019-2020 og merkja framkvæmdastaði með upplýsingum um væntanlega framkvæmd.

17. 1906077 - Bréf Skógræktarfélags Garðabæjar varðandi gróðursetningar fyrir grunnskólanemendur í Garðabæ, dags. 05.06.19.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfrítara.

18. 1906011 - Bréf Samgöngufélagsins varðandi hóflega gjaldtöku til að draga úr notkun negldra hjólbarða, dags. 31.05.19

Lagt fram.

19. 1906019 - Bréf Gistiheimilisins að Eyvindarholti varðandi tillögu að deiliskipulagi Holtstún, dags. 30.05.19.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara bréfrítara og benda m.a. á að tillaga að deiliskipulagi Holtstúns mun kom til meðferðar að nýju sem hluti deiliskipulags fyrir norðurnes Álftaness. Við kynningu og auglýsingu tillögunnar að nýju gefst bréfrítara kostur á að koma athugasemdum sínum á framfæri.

20. 1906027 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um rekstrarleyfi fyrir veitingaþjónustu í golfskála Golfklúbbsins Odds.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

21. 1711191 - Bréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins varðandi úttekt á Flataskóla, dags. 03.06.19.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að hlutast til um að bréfinu verði svarað og umbeðnar upplýsingar veittar.

22. 1905141 - Erindi Hjallastefnunnar ehf. um framsal samninga um rekstur leikskóla og grunnskóla, dags. 01.05.19.

Bæjarráð samþykkir að verða við erindi Hjallastefnunnar um framsal samstarfsamninga um rekstur leik- og grunnskóla til nýrra dótturfélaga sem verða alfarið í eigu Hjallastefnunnar. Bæjarráð leggur á áherslu á að ákvæði í samningi við Hjallastefnuna um afhendingu gagna s.s. ársskýrslna og ársreikning gildi áfram bæði fyrir móður- og dótturfélög (samstæðureikning).

23. 1906093 - Bréf íbúa í Aratúni og Goðatúni varðandi úrbætur vegna umferðarhávaða frá Hafnarfjarðarvegi, dags. 07.06.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

24. 1906037 - Tillaga Garðabæjarlistans um gagnsærri stjórnsýslu.

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að semja drög að meginreglum um málsmeðferð við afgreiðslu á fyrirspurnum og afhendingu gagna til bæjarfulltrúa. Í reglunum skal kveðið á um fresti til að svara fyrirspurnum og afhenda gögn og í þeim tilvikum sem ekki tekst að svara innan frestsins skal fyrirspyrjanda gerð grein seinkun á svári og hvenær svars er að vænta.

25. 1904359 - Svar við fyrirspurn um kostnað og áætlanir vegna framkvæmda við Bæjargarðinn.

Lagt fram.

26. 1805051 - Drög að samningi við GKG um viðbyggingu við golfskála og bráðabirgða æfingasvæði.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samning við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar um viðbyggingu við golfskála og bráðabirgða æfingasvæði.

27. 1906094 - Drög að erindisbréfi fyrir starfshóp vegna innleiðingar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og velferð barna í Garðabæ.

Bæjarráð samþykkir erindisbréf fyrir starfshóp vegna innleiðingar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, Heilsueflandi Garðabæ, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og velferð barna í Garðabæ.

Bæjarstjóra falið að ganga frá skipun fulltrúa í starfshópinn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, lagði fram eftirfarandi bókun.

"Garðabæjarlistinn fagnar því að skipað verði í stýrihóp vegna verkefnanna um Heilsueflandi samfélag, Innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmiðanna og velferð barna. Enda verkefnið yfirgripsmikli sem krefjast yfirsýnar og eftirfylgni. Um leið vill Garðabæjarlistinn láta færa til bókar vonbrigði með að tillaga Garðabæjarlistans um sama efni sem lögð var fram á bæjarstjórnarfundi þann 6. júní hafi verið felld af meirihlutanum. Í stað þess að sýna í verki vilja til samvinnu og samstarfs minni- og meirihluta við að þoka málum áfram óháð því hver leggur málið fram."

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 11. júní 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Einarsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
23. (1884). fundur 2019

Þriðjudaginn 18. júní 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Ingvar Arnarson, varamaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1902222 - Uppbygging í Vetrarmýri - kynning á stöðu verkefnis.

Á fund bæjarráðs mættu Anna Sigríður Arnadóttir og Gísli Reynisson starfsmenn Fasteignaþróunarfélagsins Spildu ehf. og gerðu grein fyrir tillögum og hugmyndum um uppbyggingu í Vetrarmýri.

Bæjarfulltrúarnir Björg Fenger og Harpa Þorsteinsdóttir, sátu fund bæjarráð undir þessum dagskrárlið.

2. 1803438 - Landakot 1 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Jóhanni Jónssyni, kt. 140963-2759, leyfi til að byggja kvisti og svalir við núverandi hús að Landakoti.

3. 1905225 - Sjónarvegur 1 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sjónarvegi 1-3 ehf., kt. 540416-0440, leyfi til að breyta um klæðning útveggja fjölbýlishússins að Sjónarvegi 1-3.

4. 1905224 - Sjónarvegur 3 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sjónarvegi 1-3 ehf., kt. 540416-0440, leyfi til að breyta um klæðning útveggja fjölbýlishússins að Sjónarvegi 1-3.

5. 1906097 - Jafnréttisáætlun Garðabæjar - endurskoðun.

Bæjarráð samþykkir að fela fjölskylduráði að hefja undirbúning að endurskoðun jafnréttisáætlunar Garðabæjar í samræmi við 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

6. 1904349 - Tillaga skólanefndar Tónlistarskóla Garðabæjar um gjaldskrá skólaárið 2019 - 2020.

Afgreiðslu frestað.

7. 1903163 - Opnun tilboða í umsjón og eftirlit með verkframkvæmdum við fjölnota íþróttahús.
Eftirfarandi tilboð bárust.

VSÓ Ráðgjöf	kr. 43.625.455
Efla	kr. 49.624.450
Strengingur	kr. 38.961.000

Lota	kr. 42.594.130
Hnit	kr. 41.850.000
Mannvit	kr. 40.628.600

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Strendings ehf., með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 10 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar sammings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

8. 1906114 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga um boðun XXXIV. auka landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 11.06.19.

Lagt fram.

9. 1906115 - Styrkumsókn Alþjóða geðheilbrigðisdagsins 2019, dags. 07.06.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu bæjarstjóra.

10. 1906127 - Umsókn Ægis Arnar Kristjánssonar um sumarlaun vegna þátttöku á Ólympíukeppni í efnafræði, dags. 12.06.19.

Bæjarráð samþykkir að verða við erindi bréfitara um greiðslu sumarlauna 2019 vegna undirbúnings fyrir þátttöku í Ólympíukeppni í efnafræði.

11. 1906157 - Erindi Leikfélagsins Verðandi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ um styrk vegna leiksýningar, dags. 14.06.19.

Bæjarráð tekur jákvætt í verkefnið og vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjóra og menningar- og safnanefndar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 18. júní 2019 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar
10. fundur 2019

Miðvikudaginn 15. maí 2019 kl. 16:15 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í íþróttamiðstöðinni Ásgarði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Kári Jónsson íþrótttafulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþrótttafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1905082 - Umsókn í 19. júnisjóð

Lísa Bergdís Arnarsdóttir kt.110202-2530 hlýtur styrk úr 19. júnisjóði Garðabæjar að upphæð 50.000,- kr. vegna ferðar í íþrótttaframhaldsskóla í Noregi.

2. 1905147 - Umsókn fyrir 19. júní

Blakdeild UMFÁ hlýtur kr. 250.000,- vegna útbreiðsluverkefnis í blaki meðal ungra kvenna.

3. 1904238 - Hátíðarhöld 17. júní 2019

Hátíðardagskrá 17. júní fer fram á Garðatorgi kl. 14:00 til 16:00. Morgundagskrá hefst á Álftanesi kl. 10:00

Álftaneslaug verður opin frá 10:00 - 14:00

Skátafélagið Vífill sér um hátíðna fyrir hönd Íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar.

4. 1905021 - Ferðastyrkur Andrea, Katla, María og Nadía

Samþykkt að veita ferðastyrk til Andreu Örvarsdóttur kt. 1302043920, Kötla Björt Hauksdóttir kt.0606042740, Maríu Vignir kt. 2512042920 og Nadiu Hjálmarsdóttir kt. 0306042290 að upphæð kr. 20.000,- til hvernar stúlku vegna þátttöku á World Cup í dansi í Braga í Portugal dagana 28. júní til 6. júlí.

5. 1905036 - Rósa Dögg Ægisdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

Samþykkt að veita Rósu Dögg Ægisdóttur kt. 0809922469 ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- vegna undankeppni EM í Slóveníu 4. til 6. janúar 2019

6. 1903369 - Birna Berg Bjarnadóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

Umsókninni er vísað til Menningar- og safnanefndar Garðabæjar.

7. 1904309 - Júlíana Karitas Jóhannsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

Júlíana Karitas Jóhannsdóttir kt.200603-2650 hlýtur ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- vegna ferðar U17 í badminton til Slóveníu, 6. júlí 2019.

8. 1904129 - Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs

Garðabæjar

Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir kt. 1904653819 hlýtur ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- vegna landsliðs FRÍ á HM í utanvegahlaupum í Portugal 5. júní 2019

9. 1905112 - Stefnumótun í íþróttamálum 2019-2030

Íþróttastefna ríkisins 2019-2030 kynnt.

Önnur mál:

1. BF sagði frá uppbyggingu og framtíðarsýn á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum og Skálafelli 2018-2030
2. Greint var frá stöðu framkvæmda við fjölnota íþróttahúsið í Vetrarmýrinni.
3. Rætt var um bæði forvarnar- og íþróttastefnu Garðabæjar og mikilvægi þess að gera aðgerðaráætlanir.
4. Næsti fundur verður í nýja fundarsalnum Búrfelli 21. ágúst nk. kl. 16:15

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar
9. fundur 2019

Fimmtudaginn 6. júní 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Kjartan Örn Sigurðsson varamaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gyldfadóttir byggingarfulltrúi og Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1804300 - Álftanes sjóvarnir

Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir gerð sjóvarna við bakka Lambhúsatjarnar neðan við túnið á Bessastöðum í samræmi við tillögu Vegagerðarinnar. Umsagnir umhverfisnefndar og Umhverfisstofnunar laðgar fram. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að kemur fram að leggja eigi áherslu á að sjóvarnir séu staðsettar efst í fjörukambi þannig að mögulegt verði að ganga fjörur neðan varnargarðsins. Skipulagsnefnd tekur undir þá sýn Umhverfisstofnunar. Skipulagsnefnd samþykkir veitingu framkvæmdaleyfis í samræmi við 13.gr. Skipulagslaga nr.123/2010.

2. 1710301 - Haukanes 15-Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Arnarness sem gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits fyrir viðbyggingu við neðri hæð. Athugasemdir sem bárust við grenndarkynningu lagðar fram. Vísað til frekari úrvinnslu á tækni-og umhverfissviði.

3. 1810087 - Hvannakur 7, dsk br

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Akra sem gerir ráð fyrir því að ytri byggingarreitur á suðurhlið sé nýttur um 3/4 í stað 1/2 eins og skilmálar heimila. Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Akra í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Hvannakurs 5 og 9 og Kaldakurs 6 og 8.

4. 1904344 - Smáraflöt 35 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Flata sem gerir ráð fyrir því að í stað 7,5 m langs brunagafls bílgeymslu á lóðarmörkum sé 18 m langur brunagafl. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til frekari skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

5. 1709349 - Reynilundur 11 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu að lokinni grenndarkynningu. Lögð fram athugasemd eigenda raðhúseiningar í sömu raðhússamstæðu. Skipulagsnefnd

mælist til þess að niðurstaða húsakönnunar Lundahverfis liggi fyrir áður en málið verður lagt fyrir nefndina að nýju. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

6. 1906043 - Víðilundur 1 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram byggingarleyfisumsókn um breytingar á einbýlishúsinu Víðilundur 1. Tillagan er í samræmi við deiliskipulag Lunda sem býður staðfestingar. Þar sem deiliskipulag hefur enn ekki hlotið staðfestingu er byggingarleyfisumsókninni vísað til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Granndarkynna skal eigendum Víðilundar 2, 3 og 4 og Hvannalundar 2.

7. 1706258 - Hraungata 8 (áður 10) - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram öðru sinni tillaga að gerð sólskála á svölum efri hæðar. Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu á deiliskipulagi og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Hraun götu 2, 4, 6 og 10 sem og Kinnargötu 3 og Bæjargötu 11-19.

8. 1905257 - Dýjagata 8 - svalir -frávik deiliskipulag - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir því að undir verönd austan íbúðarhússins verði heimilst að loka af rými. Kallar það á stækkun byggingarreits fyrir neðri hæð. Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðaholts vesturhluta þar sem að grenndaráhrif breytingarinnar eru hverfandi. Breytingartillögu vísað til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Dýjagötu 2, 5 og 10.

9. 1808017 - Dýjagata 15 - Umsókn um byggingarleyfi

Frestað þar sem að umsögn deiliskipulagshöfunda liggur enn ekki fyrir.

10. 1905363 - Lynggata 2 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram byggingarleyfisumsókn sem gerir ráð fyrir sjálfberandi gustlokun yfir heitum potti á þaki byggingar. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði vikið frá kröfu 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga um deiliskipulagsbreytingu vegna umræddrara gustlokunar.

11. 1902376 - Urriðah Austurhl 1, Maríugata 1 - 3, deiliskipulagsbreyting

Lögð fram umsókn lóðarhafa um deiliskipulagsbreytingu fjölbýlishúsalóðanna Maríugata 1 og Maríugata 3 sem gerir ráð fyrir fjölgun íbúða um 4 í hvoru húsi, alls 8. Tillögu vísað til umsagnar deiliskipulagshöfunda. Baldur Ó.Svavarsson vék af fundi undir þessum lið.

12. 1905199 - Aðalskipulag Kópavogs 2012-2024. Endurskoðun/breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag sama svæðis. Traðarreitur -austur. Lýsing á skipulagsverkefni

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd.

13. 1906023 - Vífilsstaðavegur 123 stækkun Hnoðrakots -Fyrirspurn til skipulagsstjóra

Lögð fram byggingarleyfisumsókn fyrir stækkun byggingar barnaskóla Hjallastefnunnar. Byggingin er sömu gerðar og aðrar skólabyggingar sem hafa verið byggðar til bráðabirgða þar sem framtíðaráform svæðisins hefur enn ekki verið mótuð í aðalskipulagi og deiliskipulagi. Skipulagsnefnd vísar byggingarleyfisumsókninni til

grenndarkynningar í samræmi við 44.gr. Skipualgslaga. Einnig er óskað eftir umsögn skipulagsráðgjafa rammahluta aðalskipulags vegna umsóknarinnar. Grenndarkynna skal lóðahöfum á aðliggjandi lóðum.

14. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.

Aðal og deiliskipulagsráðgjafarnir Þráinn Hauksson, Jóhanna Helgadóttir og Bergþóra Kristinsdóttir gera grein fyrir stöðu vinnu við mótun tillagna að rammahluta aðalskipulags Vífilsstaðalands og deiliskipulagstillögu að nyrsta hluta Hnoðrahólts og Rjúpnadal.

Vísað til áframhaldandi mótunar hjá tækni-og umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
11. fundur 2019

Þriðjudaginn 11. júní 2019 kl. 17:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sófus Gústavsson varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Rúna Björk Þorsteinsdóttir varamaður kennara.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir formaður skólanefndar grunnskóla.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1811339 - Þróunarsjóður grunnskóla 2019

Skólanefnd leggur til við bæjarráð að breytingar verði gerðar á 5. lið reglna um þróunarsjóð grunnskóla.

2. 1904097 - Ósk um breytingu á tímasetningum er varða skólabyrjun

Skólanefnd mun fylgja málinu frekar eftir í haust, felur skóladeild að birta niðurstöður könnunar og svara bréfitara.

3. 1905140 - Forvarnarvika í Garðabæ 2019

Rætt um fyrirhugaða forvarnarviku, skólanefnd leggur áherslu á að hvert skólastig taki fyrir í þeirri viku viðgangsefni sem brennur á viðkomandi aldurstigi. Rætt um niðurstöður rannsóknar R&G á notkun ávanabindandi efna hjá nemendum í 8.-10. bekk. Skólanefnd vekur athygli á að góð og jákvæð samskipti foreldra/forráðamanna og barna og unglinga eru lykill að öflugu forvarnarstarfi. Skólanefnd skorar á forelda/forráðamenn að efla samskipti sín við börn og unglinga og vera þeim góð fyrirmynd. Þetta á ekki síst við núna þegar skólahaldi líkur og sumarið tekur við.

4. 1906085 - Störf skólanefndar 2018-2019 samantekt

Samantekt á störfum nefndarinnar skólaárið 2018-2019 lögð fram

5. 1906084 - Áherslur Skólanefndar grunnskóla 2019-2020

Áhersla á UT málin, fá kennsluráðgjafa, fulltúra heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Ungmennaráð í heimsókn á fund nefndarinnar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
13. fundur 2019

Fimmtudaginn 13. júní 2019 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmisdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufraeðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir Verkfræðingur.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1810055 - Tillaga um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og stofnana á vegum bæjarins.

Karl Eðvaldsson og Guðrún Guðmundsdóttir kynntu stöðu lokaskýrslu verkefnisins ásamt paggati sem gefið verður út í september.

2. 1906091 - Mengunarmælingar 2019

Niðurstöður mengunarmælinga lagðar fram.

3. 1902096 - Samgönguvika 2019

Samgönguvika verður haldin 16-22. september.

Hjólaráðstefna verður haldin í bæjarstjórnarsal Garðabæjar föstudaginn 20. september.

Garðabær mun undirbúa bíllausa daginn sem er sunnudaginn 22. september og eru hugmyndir um að loka götum fyrir akandi umferð um tíma þann dag. Ekki hefur verið ákveðið hvaða götum verður lokað en hugmynd er að loka hluta af Vífilstaðavegi og opna hana fyrir gangandi umferð og mannlífi.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Reykjavík, 14. júní 2019
Fundargerð 182. fundar

Tilvísun: 1905064

Föstudaginn 14. júní 2019 var haldinn 182. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 8.00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson. Rósa Guðbjartsdóttir og Haraldur Sverrisson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Hannes Frímann Sigurðsson frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Víðir Reynisson, verkefnastjóri frá dómsmálaráðuneytinu, sátu fundinn undir lið 1.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Ný „björgunarmiðstöð“

Fulltrúar stýrihóps um nýtt sameiginlegt húsnæði viðbragðsaðila fóru yfir stöðu mála.

Afgreiðsla: Kynning.

2. 3ja mánaða uppgjör

Farið var yfir árshlutareikning SHS samstæðu fyrir janúar – mars 2019.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutauppgjör SHS janúar-mars 2019, dags. 14. júní 2019.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar við 3ja mánaða uppgjórið.

3. Siðareglur starfsmanna

Siðareglur fyrir starfsfólk SHS bornar upp til samþykkis.

Eftirfarandi lagt fram:

- Siðareglur starfsmanna SHS, ódags.

Afgreiðsla: Siðareglur samþykktar.

4. Önnur mál


Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 09:30.

Næsti fundur verður föstudaginn 16. ágúst 2019.

Fylgiskjöl:


- Árshlutauppgjör SHS janúar-mars 2019, dags. 14. júní 2019.
- Siðareglur starfsmanna SHS, ódags.




Dagur B. Eggertsson




Ásgerður Halldórsdóttir



Haraldur Sverrisson



Ármann Kr. Ólafsson



Gunnar Einarsson



Rósa Guðbjartsdóttir



Stjórn SSH 471. fundur

Mánudaginn 3. júní 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Magnús Örn Guðmundsson í fjarveru Ásgerðar Halldórsdóttur, Gunnar Einarsson, Karl M. Kristjánsson og Páll Björgvin Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

Magnús Örn yfirgaf fundinn að loknum 3.lið fundarins.
Haraldur Sverrisson yfirgaf fundinn að loknum 4.lið fundarins.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - aðgerðir og verkefni framundan /málsnr. 1903002

Farið yfir stöðu mála er varðar viðræður SSH og Ríkisins um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu. Á fundinn mættu Birgir Björn Sigurjónsson og Guðrún Edda Finnbogadóttir en þau sitja ásamt Páli Björgvini fyrir hönd SSH í starfshópnum um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þá sátu einnig fundinn Erik Tryggvi Striz Bjarnason frá Reykjavíkurborg og Hrafnkell Á. Proppé frá SSH.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Viðræður við ríkið munu halda áfram á næstu dögum og mun stjórnin fylgjast áfram með gangi mála.

2. Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

Málefni skíðasvæðanna voru áður á dagskrá stjórnarfundar 6. maí sl. Þá liggur fyrir að kæra hefur borist til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda við skíðasvæðið í Bláfjöllum.

Á fundinn mættu Einar Kristján Stefánsson og Stefán Gunnar Thors frá VSÓ ráðgjöf. Þá var Páll Guðjónsson í símasambandi við fundinn.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Formanni og framkvæmdastjóra falið að funda með aðilum máls ásamt ráðgjöfum til að undirbúa næstu skref.

3. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002

Lögð fram til kynningar fundargerðir 2. og 3. fundar vinnuhóps um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórnin felur vinnuhópnum að starfa áfram að málinu og funda með fulltrúum Kópavogs og Hafnarfjarðar á næstunni vegna málsins.



4. Grænbók, stefnumótun um málefni sveitarfélaga /málsnr. 1906001

Fyrir liggur Grænbókin, umræðuskjal, en almenningi og hagsmunaaðilum er boðið að leggja fram sín sjónarmið um álitæfni, viðfangsefni og framtíðarsýn sem nýst gætu í stefnumótuninni. Meginmarkmið stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga er að draga saman meginþætti langtímastefnumörkunar ríkisins í þeim málaflokkum sem snúa að verkefnum sveitarfélaga og stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga á þeim sviðum með heildarhagsmuni sveitarstjórnarstigsins að leiðarljósi. Jafnframt að setja fram leiðarljós um hvert stefna skuli í málefnum sveitarstjórnarstigsins með eflingu þess og sjálfbærni að markmiði.

Umsagnafrestur er til 11. júní n.k.

Niðurstaða fundar:

Stjórnin felur framkvæmdastjóra að semja umsögn í samráði við stjórn.

5. Bréf til stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga /málsnr. 1906002

Lagt fram til kynningar bréf Hólmfríðar Sveinsdóttur, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, vegna samráðsfundar um sóknaráætlanir 11. júní n.k. og drög að samningi að nýjum sóknaráætlunum.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri munu sækja fundinn með stýrihópnum þann 11. júní n.k.

6. Erindi frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands /málsnr. 1905004

Fyrir liggur bréf frá Líney Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands frá 15. maí 2019 þar sem óskað er eftir tilnefningu í vinnuhóp ÍSÍ um þjóðarleikvangana en á 74. Íþróttþingi ÍSÍ var samþykkt að skipa vinnuhóp um þjóðarleikvanga sem nýst geta sem flestum íþróttagreinum.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að tilnefna Ómar Einarsson fyrir hönd SSH í vinnuhópinn.

7. Bréf frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu – Innkaupamál

Upplýsingapóstur frá fjármála- og efnahagsráðuneytingu frá 3. maí 2019 varðandi lög um opinber innkaup og breytingar er varða sveitarfélög. Þar vekur ráðuneytið athygli sveitarfélaga á nokkrum atriðum varðandi opinber innkaup samkvæmt lögum nr. 120/2016 sem opinberum aðilum eins og sveitarfélögum ber að fara eftir.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Upplýsingapósturinn er lagður fram til kynningar.

8. Fundur samráðshóps SSH um Velferðarmál

Fundargerð samráðshóps SSH um Velferðarmál frá 22. maí 2019 lögð fram til kynningar.

Niðurstaða fundar:

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.



9. Fundur stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundargerð 53. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins frá 13. maí 2019 lögð fram til kynningar.

Niðurstaða fundar:

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

10. Samfellt þjónustukort fyrir allt landið

Lagt fram til kynningar erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga er varðar nýtt samfellt þjónustukort fyrir allt landið, sem Bygðastofnun vinnur nú að á grunni samstarfsáttmála ríkisstjórnarinnar. Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri SSH hafa fundað með fulltrúum verkefnisins og mun SSH verða Bygðarstofnun innan handar við skipulag og vinnslu verkefnisins á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.

11. Ferðavenjukönnun

Samgönguráð hefur hugmyndir um að vinna ferðavenjukönnun fyrir allt landið með sambærilegum hætti og gert hefur verið á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Samgönguráðið hefur nú leitað til SSH um samstarf vegna þessara könnunar.

Fyrir liggur minnisblað frá Hrafnkatli Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóra er málið varðar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn tekur vel í erindið en felur framkvæmdastjóra í samráði við svæðisskipulagsstjóra að leggja endanlega tillögu fyrir næsta stjórnarfund.

12. Húsnæðismál Hamraborg 9

Fyrirhugaðar hafa verið breytingar á húsnæði SSH í Hamraborg 9. Farið yfir hugmyndir sem liggja fyrir sem og breytingar sem gætu orðið á leigusamningi SSH við Eik fasteignafélag samhliða breytingunum.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn tekur vel í málið og felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og leggja fyrir á næsta stjórnarfund.

13. Áætlun um fundartíma stjórnar ásamt lokun skrifstofu vegna sumarleyfa.

Fyrir liggur tillaga að fundartímum stjórnar út árið 2019.

- 1. júlí 2019.
- 19. ágúst 2019.
- 2. september 2019.
- 7. október 2019.
- 4. nóvember 2019.
- 2. desember 2019.

Þá er tillaga um að skrifstofa SSH verður lokað tímabundið vegna sumarleyfa eins og hefð hefur verið fyrir. Tímabilið yrði frá 22. júlí til 12. ágúst.



Umræður:

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi fundaaætlun og tímabundna lokun skrifstofu vegna sumarleyfa.

14. Önnur mál

Umræða vegna fundar um úrgangsmál 5. júní n.k.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 14:30.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

408. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu byggðasamlagsins, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík þann 29.05.2019, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir og Kolbrún Þorsteinsdóttir. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Gestir fundarins undir lið 8 voru Jón H. Sigurðsson frá pwc og Sigrún Guðmundsdóttir frá endurskoðunarnefnd SORPU og undir lið 3 Sveinbjörn Grímsson frá KPMG. Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðvanna sat fundinn undir liðum 1,2 og 6.

Tekið fyrir:

1. Staðsetning og uppbygging nýrra endurvinnslustöðva

Lögð fram og kynnt frummatsskýrsla VSÓ á staðarvalsgreiningu fyrir staðsetningu endurvinnslustöðva. Jafnframt kynnt drög að minnisblaði framkvæmdastjóra um málefnið. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra um að senda erindi á Kópavogsbæ og Garðabæ um möguleika á lóð undir endurvinnslustöð við Hafnarfjarðarveg í samræmi við minnisblaðið.

2. Bréf Reykjavíkurborgar – ósk um morgunopnun á Sævarhöfða

Lagt fram uppfært minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna í samræmi við ákvörðun síðasta fundar um áhrif þess að endurvinnslustöðin á Sævarhöfða verði opin alla morgna. Áætlaður brúttó kostnaður er um 30 milljónir. Einnig kynntar tölur um umferðarmagn í móttökustöðina í Gufunesi. Málinu frestað.

3. Stefnumótun stjórnar

Ráðgjafi KPMG kynnir stöðu verkefnisins, hvað er komið og hvað vantar. Málið rætt.

4. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar / framvinda

Framkvæmdastjóri leggur fram minnisblað um framvindu verkefnisins. Í lok apríl er áfallinn kostnaður 916 millj, búið er að steypa um 58% af áætluðu steypumagni og staða verkefnisins er um 40%. Verkið er á áætlun en gera má ráð fyrir að SORPA þurfi að óska seinni hluta framlags vegna verkefnisins í ágúst / september nk.

5. Samanburður reksturs og áætlunar

Framkvæmdastjóri kynnir óendurskoðaðan samanburð reksturs og áætlunar fyrstu 3 mánuði ársins 2019.

[Handwritten signatures and initials]
B 77
KGP

6. **Verksamningur og þjónustusamningur vegna grenndargámakerfisins**
Lagt fram minnisblað rekstrarstjóra endurvinnslustöðvanna um þjónustusamning SORPU og sveitarfélaganna um rekstur grenndargámakerfisins og samning SORPU við verktaka um verkefnið. Farið er yfir hutverk hvers og eins. Málið rætt.
7. **Erindi Flokks fólksins um 3ja tunnu kerfi í Reykjavík**
Lagt fram erindi Flokks fólksins frá fundi Borgarráðs Reykjavíkur þann 2.mái sl. um þriggja tunnu kerfi í Reykjavík. Framkvæmdastjóri kynnir drög að svari.
8. **Skýrsla innri endurskoðanda pwc og umsögn endurskoðunarnefndar SORPU**
Lögð fram og kynnt skýrsla pwc um innri endurskoðun SORPU bs. Jafnframt lögð fram umsögn endurskoðunarnefndar SORPU bs. um sama málefni. Málið rætt.
9. **Umsagnarbeiðni Samkeppniseftirlitsins vegna metan**
Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um svarbréf Samkeppniseftirlitsins dagsett 23. maí 2019 um endurupptöku skilyrða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2012.
10. **Minnisblað framkvæmdastjóra um stöðu förgunar á höfuðborgarsvæðinu frá 12. apríl sl.**
Efni minnisblaðsins rætt að beiðni Kolbrúnar Þorsteinsdóttur, fulltrúa Mosfellsbæjar.

Næsti fundur

Næstu fundir ákveðnir þann 26. júní kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 10:15

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Þórir Jón Jónsson
 Jóna Skuldadóttir
 Kollegrudóttir
 Elgís Rannfarinn
 Kolbrún A. Þorsteinsdóttir
 Bjarni 1011
 Bjarni Hótel Guðrún Eva Jóhannesdóttir
 Jóna Skuldadóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

305. fundur

Þriðjudaginn 4. júní 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir (HI), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir(SEJ) og Margrét Friðriksdóttir varamaður fyrir fulltrúa Kópavogsbæjar.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP), sviðsstjóri fjármála og rekstrar sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Innri endurskoðun 2019
2. Vagnakaupaútbóð
3. Vistvænir vagnar
4. Næturakstur – stöðumat
5. Árshlutauppgjör 31.03.2019
6. Húsnæðismál – umboð vegna sölu fasteignar í Mjódd
7. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk
8. Einelti, áreiti og ofbeldi - tölfræði
9. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Innri endurskoðun 2019

Fyrir fundinum liggur skýrsla innri endurskoðanda 2019 og greinargerð endurskoðunarnefndar Strætó vegna vinnu innri endurskoðunar.

Sif Einarsdóttir, innri endurskoðandi Strætó og Úlfar Andri Jónasson frá Deliotte, fóru yfir greinargerð vegna innri endurskoðunar Strætó 2019. Til skoðunar var áhættumat og upplýsingaöryggi, ásamt eftirfylgni athugasemda frá fyrra ári.

Stjórn óskar eftir að á næsta fundi stjórnar verði lagt fram eftirfylgniskjal með athugasemdum innri endurskoðanda þar sem úrbætur við athugasemdum eru tilgreindar og tímasettar.

Jafnframt er óskað eftir því að fulltrúi endurskoðunarnefndar Strætó komi á fund stjórnar og fari yfir greinargerð sína vegna vinnu innri endurskoðenda.

2. Vagnakaupaútbóð

Stjórn samþykkti á fundi 1. febrúar 2019, að bjóða út kaup á vetnisvögnum. Niðurstöður útbóðsins lágu fyrir 11. apríl 2019, þegar haldinn var opnunarfundur vegna innkaupanna, EES útbóð nr. 14403.

Tilboð barst frá einum aðila; Yutong Eurobus ehf./Tyrfingsson ehf.

Eftir yfirferð og mat á tilboðinu er það niðurstaðan að tilboðið er ekki að uppfylla þau skilyrði sem koma fram í kafla 1.1.16 „Selection of contracting party and acceptance of tender“ þar sem áskilinn er réttur til þess að hafna þeim tilboðum sem eru yfir kostnaðaráætlun verkkaupa.

Stjórn samþykkir að hafna fyrirliggjandi tilboði á grundvelli framangreinds skilyrðis.

Í ljósi niðurstöðu útbóðsins er framkvæmdastjóra falið athuga hver staðan er á vetnisverkefninu „Joint Initiative for hydrogen Vehicles across Europe“ (JIVE II FCH-JU EU) hjá Evrópusambandinu en Strætó var þátttakandi í því verkefni varðandi útbóðið á vetnisvögnunum.

Jafnfram óskar stjórn eftir því að á næsta fundi stjórnar fari framkvæmdastjóri yfir endurskoðaða endurnýjunaráætlun vagna.

3. Vistvænir vagnar

Stjórn felur framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að fá fund með ráðherrum til að óska eftir umræðu um orkuskipti og áherslur ríkisstjórnar í loftlagsmálum.

4. Næturakstur – stöðumat

Tilraunaverkefni með næturakstur Strætó um helgar hófst í upphafi árs 2018. Nýting á vögnum hefur verið misgóð eftir leiðum. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 var samþykkt að gera breytingar á umfangi næturaksturs, þ.e. að hætta akstri á leið 111, sem fór í vesturbæ Reykjavíkur og út á Seltjarnarnes vegna mjög lítillar notkunar.

Notkun á næturstrætó hefur í heildina heldur minnkað það sem af er ári miðað við sama tíma 2018. Í sumar er gert ráð fyrir að næturakstur verði sérstaklega auglýstur og kynntur á samfélagsmiðlum.

5. Árshlutauppgjör 31.03.2019

Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti þriggja mánaða uppgjör félagsins 31. mars 2019. Árshlutauppgjör er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins. Uppgjörð fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins kemur betur út en áætlun gerði ráð fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta uppgjörð með undirritun sinni.

6. Húsnæðismál

Á fundi stjórnar 22. febrúar 2019 var sala á húsnæði Strætó á Þönglabakka 4 samþykkt.

Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra umboð til að ganga frá sölu og skrifa undir kaupsamning og afsal.

7. Akstursþjónusta fatlaðra

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fór yfir vinnu við fyrirhugað útboð vegna aksturs í akstursþjónustu fyrir fatlaða.

8. Einelti áreiti og ofbeldi - tölfraði

Sigríður Harðardóttir, mannauðs- og gæðastjóri Strætó fór fyrir niðurstöðu vinnustaðakönnunar 2019 þar sem sérstaklega var spurt um einelti, áreiti og ofbeldi.

Farið var yfir fyrirhugaðar aðgerðir til að efla fræðslu og forvarnir í málaflokknum.

9. Önnur mál

a) Ályktun um leiðakerfisbreytingar Strætó í Hafnarfirði, frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar, dags. 15.05.2019, lögð fram.

Næsti fundur stjórnar er 21. júní 2019.

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur 31.03.2019
- Kynning á árshlutareikningi 31.03.2019

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Jónssdóttir

Margrét Friðriksdóttir (varamaður)

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2019, fimmtudaginn 13. júní var haldinn 376. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Þórsgötu 1 og hófst kl. 17:30.

Mættir: Gunnlaugur Bragi Björnsson Reykjavík, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi, Rúnar Bragi Guðlaugsson Mosfellsbæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Björg Fenger Garðabæ.

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Einar Bjarnason rekstrarstjóri skíðasvæðanna, Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Rætt um stöðu mála vegna kæru sem borist hefur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna umhverfismats í Bláfjöllum.
Framkvæmdastjóra falið að fylgjast með framgangi mála og upplýsa stjórn reglulega.

Fundi slitið kl. 19:00

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Björg Fenger
Halla Karí Hjaltsted
Kristín María Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Rúnar Bragi Guðlaugsson

SAMSTARFSSAMNINGUR
UM UPPBYGGINGU FÉLAGS- OG ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐVAR
GOLFKLÚBBS KÓPAVOGS og GARÐABÆJAR

Garðabær, kt. 570169-6109 og Golfklúbbur Garðabæjar og Kópavogs, kt. 650394-2089 gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um uppbyggingu félags- og íþróttamiðstöðvar GKG.

1. gr. Inngangur

Á grundvelli samstarfsamnings sem bæjarfélögin Kópavogur og Garðabær gerðu við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar, dags. 29. janúar 2015 var byggð félags- og íþróttamiðstöð GKG við Vífilsstaði.

Bæjaryfirvöld í Garðabæ hafa kynnt stjórn GKG áform um byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri sem hefur m.a. þau áhrif að æfingasvæði klúbbsins mun skerðast og frekari uppbygging á svæðinu mun einnig skerða svæði sem hluti golfvalla GKG er á.

Garðabær hefur lýst því yfir, að skerðingar á athafnasvæði GKG verði bættar að fullu þannig að aðstaða klúbbsins og félagsmanna til golfiðkunar verði ekki lakari eftir framkvæmdir en fyrir, GKG að kostnaðarlausu.

Í viljayfirlýsingu Garðabæjar og GKG, dags. 15. maí 2018 er lýst yfir sameignlegum vilja til að gera bráðabirgðaæfingasvæði ásamt því að byggja við núverandi félags- og íþróttamiðstöð GKG til mótvægis við skerðingu æfingasvæðisins.

Á grundvelli þeirrar viljayfirlýsingar hefur GKG unnið að undirbúningi vegna framkvæmda við bráðabirgðaæfingasvæði og að hönnun viðbyggingar félags- og íþróttamiðstöðvar. Samhliða hefur verið unnið að gerð kostnaðaráætlunar og annarra verkefna í tengslum við væntanlegar framkvæmdir.

Í viljayfirlýsingunni kemur fram að aðilar stefni að því að ljúka samstarfssamningi um verkefnið þar sem hlutverk aðila verður nánar skilgreint.

2. gr. Deiliskipulag

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti 18. október 2018 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar þar sem gert er ráð fyrir byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

Á fundi bæjarstjórnar Garðabæjar 21. mars 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Vetrarmýrar vegna stækkunar á byggingarreit fyrir viðbyggingu við núverandi félags- og íþróttamiðstöð GKG.

3. gr. Yfirlit framkvæmda

Byggt verður bráðabirgðaæfingasvæði á núverandi æfingasvæði. Slegið verður af sama stað og verið hefur og nýtileg aðstaða notuð áfram. Sett verður upp net til að tryggja að boltar fljúgi ekki yfir athafnasvæði fjölnota íþróttahúss. Keyptir verða golfhermar ásamt fylgihlutum sem munu nýtast áfram í nýju æfingasvæði í nýrri viðbyggingu. Áætlaður kostnaður við bráðabirgðaæfingasvæði er um 65,0 mkr. Sjá fylgiskjal 1.

Viðbygging við núverandi félags- og íþróttamiðstöðu GKG verður hönnuð á grundvelli forsagnar og þarfagreiningar sem unnin hefur verið af stjórn GKG og öðrum stjórnendum klúbbsins með aðstoð

sérfræðinga. Hönnunargögn hafa verið kynnt stjórnendum Garðabæjar og eru hluti þessa samnings, sbr. fylgiskjal nr. 2

Heildarstærð viðbyggingar verður um 800 m² á einni hæð. Á svæðinu verða 16 nýir golfhermar, þúttsvæði, þjónustu- og veitingasvæði. Æfingaaðstaðan mun nýtast börnum og unglingum sem stunda skipulagðar golfæingar á vegum GKG, afrekskylfingum klúbbsins og almennum félagsmönnum, utan þess tíma sem skipulagðar og reglubundnar æfingar fara fram.

4. gr. Fjármögnun framkvæmda

Áætlaður heildarkostnaður við framkvæmd viðbyggingar er um 375,0 mkr. miðað við verðlag í apríl 2019. Sundurliðuð kostnaðaráætlun er lögð fram með samningnum sem fylgiskjal 3. Leitast skal við að fá fast tilboð í verkið frá verktaka, þannig að kostnaður liggi fyrir þegar lagt er í framkvæmdir. Greiðslum vegna verksins skal dreift á árin 2019-2023, í samræmi við fjárframlög frá Garðabæ til verksins.

Garðabær mun greiða GKG framlag vegna framkvæmdanna samkvæmt heimild í fjárhagsáætlun.

Árið 2019	80,0 mkr.
Árið 2020	90,0 mkr.
Árið 2021	90,0 mkr.
Árið 2022	90,0 mkr.
Árið 2023	90,0 mkr.

Garðabær mun við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 tryggja fjármagn til framkvæmda með fjárveitingum sem dreifast á árin 2020 - 2023.

Árlegar greiðslur Garðabæjar eru fastar greiðslur.

Ef heildarkostnaður við verkið reynist vera lægri en ofangreind fjárhæð lækkar framlag Garðabæjar hlutfallslega. Ef heildarkostnaður við verkið reynist hærri er umframkostnaður á ábyrgð GKG.

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar ber ábyrgð á fjármögnun framkvæmdanna.

5. gr. Byggingarleyfi og gatnagerðargjöld

Garðabær mun veita byggingarleyfi vegna framkvæmdanna að uppfylltum skilyrðum sem um útgáfa slíkra leyfa gilda samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010.

6. gr. Tilhögun framkvæmda

GKG mun ráða byggingastjóra til að hafa umsjón með framkvæmd verksins. Kostnaður við það skal teljast hluti verksins. Framkvæmdin verður á ábyrgð GKG.

Eftirfarandi áætlun liggur fyrir um tímasetningar einstaka áfanga.

- xx: Umsókn um byggingarleyfi lögð fram

- xx Verksamningur undirritaður
- xx Vígsla viðbyggingar félags- og íþróttastöðu GKG

7. gr. Samráðshópur

Aðilar eru sammála um að skipa samráðshóp sem í eiga sæti einn aðili frá hvorum samningsaðila. Samráðshópurinn skal funda reglulega a.m.k. einu sinni í mánuði. Hlutverk samráðshópsins er að fjalla um og hafa eftirlit með einstaka verkþáttum en endanlegar ákvarðarnir og ábyrgð á framkvæmdinni er hjá stjórn GKG. Fulltrúi Garðabæjar í samráðshópnum hefur eftirlit með því að framlagi Garðabæjar sé ráðstafað beint til verkefnisins, sbr. 5. gr. Fundargerðir samráðshópsins skulu sendar bæjarráði og stjórn GKG.

8. gr. Eignarhald lands og mannvirkja

GKG skuldbindur sig til að nýta mannvirkid eingöngu til starfsemi á vegum klúbbsins og sérstakri kvöð skal þinglýst um að ekki megi selja eignir eða veðsetja nema með leyfi Garðabæjar.

9. gr. Undirritun og gildistími

Samningur þessi er undirritaður af formanni GKG og bærarstjóra Garðabæjar og öðlast gildi þegar hann hefur verið samþykktur í stjórn GKG og bærarstjórn Garðabæjar.

Garðabæ, 2019

F.h. Golfklúbbs Garðabæjar og Kópavogs

F.h. Garðabæjar

Guðmundur Oddsson,
formaður.

Gunnar Einarsson,
bærarstjóri.

Garðabær 20. júní 2019

Til bæjarstjórnar Garðabæjar

Efni: Tillaga um að efla Garðabæ sem sjálfbært samfélag og horfa til verkefna sem hvetja fólk til að nota umhverfisvæna ferðamáta auk þess að stuðla að heilsueflingu íbúa.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs verði horft til verkefna sem hvetja fólk til að nota umhverfisvæna ferðamáta t.a.m. rafhjól og rafmagnshlaupahjól.

Greinargerð: Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög taki höndum saman til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum sem er afar mikil eða í raun þriðjungur allrar þeirrar losunar sem Ísland þarf að standa skil á gagnvart Parísarsamkomulaginu.

Eitt af markmiðum Umhverfisstefnu Garðabæjar er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá umferð en það rímar vel við aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftlagsmálum.

Tillagan sem hér er lögð fram felur í sér að við gerð fjárhagsáætlunar verði horft til verkefna sem hvetji og auðveldi fólk að skipta yfir í umhverfisvæna ferðamáta. Jafnframt skulu verkefnin falla að markmiðum heilsueflandi samfélags sem og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, undirmarkmið nr 3 (heilsa og vellíðan), nr. 11 (sjálfbærar borgir og samfélög) og nr. 13 (aðgerðir í loftlagsmálum).

Björg Fengler, formaður íþrótt- og tómstundaráðs
Jóna Sæmundsdóttir, formaður umhverfisnefndar

Garðabær 20. júní 2019

Til bæjarstjórnar Garðabæjar

Efni: Tillaga um að efla enn frekar starfsemi vinnuskólans

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár verði í forvarnarskyni horft til þess að efla enn frekar starfsemi vinnuskólans með sérstaka áherslu á nemendur sem eru að ljúka 8. bekk.

Greinargerð:

Árangur okkar Íslendinga þegar kemur að forvörnum hefur vakið heimsathygli og er svo komið að íslenska forvarnarmódelið er orðið að útflutningsvöru. Þó að vel hafi gengið undanfarin ár er mikilvægt að við sofnum ekki á verðinum enda viljum við standa okkur vel þegar kemur að forvörnum og vinnu með börnum og unglingum.

Rannsóknir hafa sýnt að besta forvörnin eru skipulagt íþrótt- og tómstundastarf sem og samvera með fjölskyldu. Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að allt óskipulagt og eftirlitslaust „hangs“ skapar áhættu er varðar ýmsa óæskilega hegðun. Með tillögu þessari er verið að leggja til að við gerð næstu fjárhagsáætlunar verði horft til þess efla enn frekar starfsemi vinnuskólans með áherslu á nemendur sem eru að ljúka 8. bekk. Þannig verði boðinn aukinn aðgangur að skipulagðri vinnu og forvörnum með það að markmiði að draga úr líkum á óæskilegri hegðun.

Björg Fenger, formaður íþrótt- og tómstundaráðs

Efni: Tillaga um sumarleyfi bæjarstjórnar 2019.

Með vísan til 14. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 svo og 8. gr. samþykktar um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013 samþykkir bæjarstjórn að fella niður reglulega fundi í sumarleyfi bæjarstjórnar í júlí og til 15. ágúst 2019. Fyrsti fundur bæjarstjórnar eftir sumarleyfi verður boðaður með dagskrá sem send verður bæjarfulltrúum 13. ágúst 2019.

Bæjarstjórn samþykkir að veita bæjarráði fullt umboð til afgreiðslu mála meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur, svo sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.